

um frv. til l. um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Enginn efast um, að verði ráðizt í þær stóriðjuframkvæmdir á Suðvesturlandi, sem ríkisstjórnin ráðgerir, hljóti byggðavandamálið í landinu að stórukast. Útilokað er með öllu að ráðast í fjárfestingu, sem nemur 4500—5000 milljónum króna á 2—3 árum, auk venjulegrar fjárfestingar landsmanna sjálfra, án þess að stórkostlegur flutningur vinnuafis eigi sér stað í landinu.

Laust vinnuafli til hinna miklu stóriðjuframkvæmda er ekki til á Suðvesturlandi. Þar hefur þvert á móti skort vinnuafli til framleiðslustarfa og margvíslegra framkvæmda. Það er því augljóst mál, að vinnuafli til stóriðjuframkvæmdanna verður að fá að verulegu leyti annars staðar frá, því að á Suðvesturlandi er það ekki fáanlegt.

Nú er vitað mál, að ýmis byggðarlög á Norðurlandi og á Vestfjörðum hafa búið við ónóga atvinnu um nokkurt skeið, einkum þó á vissum árstímum. Telja verður því, að veruleg hættu sé á, að fólk frá slíkum byggðarlögum leiti suður á yfirspennntan vinnuamarkað hér. Byggðavandamálið mun því áreiðanlega aukast á næstu árum, en ekki minnka, m. a. vegna beinna aðgerða opinberra aðila.

Þetta veit ríkisstjórnin, og af þeim ástæðum reynir hún með tillögum um nýjan atvinnujöfnunarsjóð að láta svo líta út, að hún muni gera gagnráðstafanir og koma í veg fyrir hættuna.

Frumvarpið um Atvinnujöfnunarsjóð mun þó litlu fá áorkað til þess að draga úr vaxandi misvægi í byggðamálunum, eins og nú er ráðgert að halda á framkvæmdamálum í landinu. Hættan, sem blasir við, er þessi: að nokkur hundruð manns flytji frá Norðurlandi og Vestfjörðum til Suðurlandsins og vinni þar fyrst við Búrfellsvirkjun og síðan við byggingu alúminverksmiðjunnar við Straumsvík. Hætt er við, að eftir 2—4 ára dvöl syðra fari fáir aftur til fyrri heimkynna, jafnvel þótt þá verði í boði smávægileg lán eða styrkir til framkvæmda í byggðarlögnum nyrðra og vestra.

Samkvæmt frumv. er ráðgert, að Atvinnujöfnunarsjóður taki við Atvinnubótasjóði, sem starfað hefur í nokkur ár. Nokkuð á að auka við tekjur sjóðsins frá því, sem verið hefur, en mest á þó að muna um þann hluta af skattgreiðslum alúminverksmiðjunnar, sem renna á til sjóðsins á komandi árum. Þær tekjur koma þó ekki inn fyrr en 1970 og árin þar á eftir. Talið er, að þessar tekjur verði 11.3 millj. kr. á ári 1970—1972 og 1973—1975 um 17 milljónir króna á ári. Lítið mundu slíkar tekjur draga í dag, þó að til staðar væru, en hætt er við, að enn þá minna dugi þær eftir 8—10 ár. Nauðsynlegt er að gera sér fulla grein fyrir því, að byggðavandamálið verður ekki leyst, úr því sem komið er, með smávægilegum styrkjum eða minni háttar lánum. Eina leiðin, sem vænleg er til árangurs, er, að fullkomin stjórn sé tekin upp á þjóðarhúskapnum sem heild og þar með á framkvæmdum og fjárfestingu í landinu. Slík yfirstjórn þarf að viðurkenna dreifbýlisvandamálið og haga stjórn efnahagsmálanna samkvæmt því. Það þarf með öðrum orðum að efna til framkvæmda samkvæmt áætlunum, sem beinlínis eru við það miðaðar að tryggja atvinnuafnvægi og eðlilega búsetu í landinu. Skipulagslaus fjárfesting í landinu, eins og nú á sér stað, mun raska byggðajafnvæginu meir og meir, þrátt fyrir alla smástyrki og smærri hjálparsjóði af þeirri gerð, sem Atvinnujöfnunarsjóður á að vera. Öflugur hjálparsjóður gæti þó að sjálf-sögðu gert nokkurt gagn, en nauðsynlegt væri þá, að sjóðurinn gæti sjálfur haft beina forgöngu um framkvæmdir úti á landi og yfirumsjón með rekstri þeim, sem ætlað er að vinna að atvinnuafnvægi.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum áður bent á í umræðum um byggðajafnvægismálin, að fleira kemur til varðandi búsetu fólks en atvinnuálin ein. Við höfum því flutt tillögur um, að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr hinu mikla miðstöðvarvaldi Reykjavíkur, m. a. með því að flytja ýmiss konar opinbera starfsemi úr höfuðborginni og út á land. Þá höfum við lagt áherzlu á gildi vel uppbyggðs skólakerfis úti á landi, heilbrigðisþjónustu og góðra samgangna. Tillögur okkar um þessi efni hafa aldrei fengizt afgreiddar á Alþingi.

Þrátt fyrir þá annmarka, sem ég tel á frv. um Atvinnujöfnunarsjóð, flyt ég nokkrar breytingartill. við það í þeim tilgangi að efla sjóðinn og gera hann starfs-hæfari.

Ég get stutt frv., svo langt sem það nær, en tel, að miklu meira þurfi til, ef fullur árangur á að nást.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Lúðvík Jósefsson.